

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegur 4  
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 3. janúar 2024  
Málsnúmer: 202311-0041  
LA

## Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Dýlafatar í Rangárþingi eystra

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 22. nóvember 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að aðalskipulagsbreytingum við Dýlaföt. Breytingin felur í sér að 15 ha landbúnaðarland verði breytt í nýtt verslunar- og þjónustusvæði með um 11 smáhýsum fyrir allt að 30 gesti.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsagnir varðandi tillögur um breytingar á aðal- og deiliskipulag svæðisins, 30. mars og 13. september 2023. Stofnunin hefur farið yfir skipulagsgögn og vill ítreka fyrri ábendingar.

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er að hluta til innan verndarsvæða;

- Á náttúruminjaskrá (Tjarnir og Tjarnarnes nr. 719)
- Svæðið er skilgreint sem önnur náttúruvernd í aðalskipulagi (ÖN7 Tjarnir og Tjarnarnes).
- Hluti svæðisins er partur af hverfisverndarsvæði (HV7 Markafljótsaurar –Tjaldarnes).
- Suðurlandsundirlendi er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði

Náttúrufræðistofnun bendir á að svæðið sem um ræðir er lítt raskað og skipulagsmörk þjónustusvæðisins brýtur upp heildstætt áreyrasvæði vestan við Markafljót sem er mikilvægt búsvæði fugla. Engin rök eru sett fram fyrir því að mörkin þurfi að liggja inn fyrir svæði sem er á náttúruminjaskrá. Þetta þarf að endurskoða.

Suðurlandsundirlendi hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Grónar og hálfgrónar áreyrar Markafljóts eru þar engin undantekning og fóstur mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Búsvæðum þessara fugla er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Náttúrufræðistofnun ítrekar ábendingu stofnunarinnar um mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.



Skipulagssvæðið er innan skilgreinds hættusvæðis vegna mögulegra jökulhlaupa, jafnvel hamfarahlaupa vegna eldgoss undir jökli. Mikil ábyrgð fylgir því að skipuleggja ferðaþjónustu innan hættusvæðis og mikilvægt er að viðbragðsáætlanir og flóttaleiðir séu skýrar.

Á síðasta ári hefur Náttúrufræðistofnun gefið umsagnir um uppbyggingu á fjórum svæðum innan 20 km<sup>2</sup> svæðis vestan Markarfljóts þar sem fyrirhuguð er mismikil uppbygging á frístundabyggð og ferðaþjónustusvæðum.

Meðfylgjandi er kort sem sýnir skipulagssvæðin og tafla sem gefur upp stærðir landnýtingar og gistirými innan þjónustusvæða ef það hefur komið fram í skipulagslýsingu.



Land	Frístundabyggð (ha)	Verslun- og þjónusta (ha)	Gistirými	ATH
Rauðuskriður	2	9,6	50	Mikilvæg fuglasvæði
Dímonarflatir	51,6			Mikilvæg fuglasvæði
Dílaföt		15	30	Náttúruminjaskrá, Hverfisvernd, Mikilvæg fuglasvæði
Brú	92,3	42,7	?	Mikilvæg fuglasvæði
<b>Samtals</b>	<b>145,9 ha</b>	<b>67,3 ha</b>		

Náttúrufræðistofnun telur brýnt að sveitarfélagið meti innan Landeyja samlegðaráhrif aukinnar umsvifa mannsins á náttúrufar svæðisins, s.s. vegna skógræktar, uppbyggingu frístundabyggða og ferðaþjónustusvæða, og þá sérstaklega áhrif á fuglastofna þar sem um er að ræða mikilvæg búsvæði. Þá þarf að endurmeta viðbragðsáætlanir og flóttaleiðir í samræmi við aukna ferðaþjónustu og frístundabyggð.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.



Virðingarfyllst,

*Lovisa Ásbjörnsdóttir*

Lovisa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

